

M, en eigi aðra karlmenn, skal hann teljast faðir meybarns þess, er sóknaraðili ól hinn 29. júní 1968 og skírt var B, og greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs, fæðingarstyrk til sóknaraðilja og tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1968, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Þá greiði varnaraðili málskostnað, kr. 11.400.00, er renni til ríkissjóðs, og er þar innifalin þóknun talsmanns sóknaraðilja, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmans, kr. 8.000.00.

Verði sóknaraðilja eiðfall, skal varnaraðili vera sýkn af kröfum hennar og falli málskostnaður niður.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudagur 30. október 1970.

Nr. 83/1970. **Kristján Eiríksson** (sjálfur)

gegn

Kristjáni Fjeldsted (Ingi Ingimundarson hrl.).

Dó m e n d u r:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Fjárnámsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Barði Þórhallsson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, hefur framkvæmt hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. apríl 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Hinn 19. maí 1969 var tekin fyrir í fógetadómi Reykja-

vikur, sem háður var á lögheimili áfrýjanda að Holtsgötu 23 hér í borg, beiðni stefnda um fjárnám hjá áfrýjanda til tryggingar dómskuld að fjárhæð kr. 100.000.00 með 12% ársvöxtum frá 4. desember 1968 til greiðsludags, kr. 145.00 í endurrits- og birtingarkostnað, kr. 420.00 í afsagnar- og stimpilkostnað, kr. 15.900.00 í málskostnað ásamt kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kæmi, allt að frá-dregnum kr. 20.000.00. Áfrýjandi var eigi viðstaddur gerðina og enginn af hans hendi, og ekki var honum skipaður réttargæzlumaður. Lögmaður stenda benti á til fjárnáms eignarhluta áfrýjanda í húseigninni nr. 3 við Borgarholtsbraut í Kópavogi. Er eigi frekar um þetta skráð í þingbókina, en að kröfu lögmanns stefnda lýsti fógæti fjárnámi í eign áfrýjanda í húseignunum Holtsgötu 23, Þverholti 15, Bræðraborgarstíg 29 og Dalbraut 1. Engin virðing fór fram á eignum þessum. Í fógætabók er skráð, að gerðinni sé lokið.

Með bréfi 19. maí 1969 til bæjarfógetans í Kópavogi fór lögmaður stefnda þess á leit, að haldið yrði „áfram fjárnámi, sem byrjað var á í húseigninni Borgarholtsbraut 3, Kópavogskaupstað“, til tryggingar fyrrgreindri dómskuld. Bréfi þessu fylgdi endurrit af fjárnámsgerð þeirri frá 19. maí, sem að framan hefur verið rakin. Með stefnu 12. júní 1969 áfrýjaði áfrýjandi til Hæstaréttar fjárnámsgerð þeirri frá 19. maí 1969, sem að framan getur. Með dómi Hæstaréttar 13. apríl 1970 var fjárnámsgerð þessi felld úr gildi.

Barði Þórhallsson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, tók fjárnámsbeiðnina frá 19. maí 1969 til meðferðar í fógætdómi Kópavogs 8. ágúst 1969, sem háður var að Borgarholtsbraut 3 í Kópavogi. Í þingbók er skráð, að fyrir hafi verið tekið: „Að halda áfram fjárnámsgerð, sem byrjuð var 19. maí s.l. í Rvík“. Fógætin lagði fram fjárnámsbeiðnina og endurrit af fjárnámsgerðinni frá 19. maí 1969. Lögmaður stefnda krafðist fjárnáms til tryggingar fyrrgreindri dómskuld. Síðan er bókað í þingbókina:

„Gerðarþoli á hér húseign, en er ekki viðstaddur, og fyrir hann mætir enginn.

Skv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsti fógæti yfir

fjárnámi í eign gerðarþola, 1. hæð húseignarinnar að Borgarholtsbraut 3, Kópavogi. Gerðarbeiðandi sendir gerðarþola tilkynningu um gerðina með ábyrgðarbréfi.

Fallið var frá virðingu.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni, sem að nokkru reyndist árangurslaus, lokið“.

Gögn málsins, sem að framan hafa verið rakin, bera með sér, að fógeti hefur eigi gætt sem skyldi lagareglna þeirra, sem honum bar að gæta við framkvæmd fjárnámsins.

Eignir þær, sem teknar voru fjárnámi 19. maí 1969, voru eigi metnar til fjár, og var því eigi ljóst, hvort þörf var á framhaldsfjárnámi. Eigi var eign sú, sem fjárnám var gert í, metin til fjár, og eigi var áfrýjanda skipaður réttargæzlumaður.

Eru því þegar af þessum ástæðum slíkir misbrestir á framkvæmd hinnar áfrýjuðu fjárnámssgerðar, að ógilda ber hana, sbr. 19. gr., sbr. 51. gr., 45. gr. og 34. gr. laga nr. 19/1887.

Eftir þessum málalokum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámssgerð er úr gildi felld.

Stefndi, Kristján Fjeldsted, greiði áfrýjanda, Kristjáni Eiríkssyni, kr. 10.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.